# Áfangalýsing - Jarðfræði

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

**Framhaldsskóli**

Menntaskóli Borgarfjarðar – vorönn 2011

**Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga**

JAR 104

**Fjöldi eininga**

4

**Undanfari**

Enginn

**Lýsing á efni áfangans:**

Í áfanganum er lögð áhersla á jarðfræði Íslands, tengsl uppruna landsins við landrekskenningar og landmótun af völdum innrænna og útrænna afla. Farið er í undirstöðuatriði steinda- og bergfræði, myndun mismunandi kvikugerða og eldvirkni.

**Kennslugögn:**

Almenn jarðfræði eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson, Iðnú 2008

Efni frá kennara; bækur, tímarit, DVD og upplýsingar af netinu

**Námsmat:**

Kaflapróf; meðaltal úr kaflaprófum : 30%

Lokaverkefni úr köflum: 35%

Heimildaritgerð úr námsferð: 25%

Mat kennara á vinnu nemenda, vinnubrögðum og framförum 10%

# Áfangalýsing - Jarðfræði

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

**Lokamarkmið áfanga:**

Að nemendur:

- geri sér grein fyrir notagildi jarðfræðiþekkingar

- geti fjallað um og útskýrt myndun mismunandi landsvæða af völdum innrænna afla, s.s. út frá landreki, eldvirkni, jarðskjálftum og jarðhita

- geti fjallað um landmótun á völdum útrænna afla, s.s. frostverkana, vatnsfalla, sjávar, jökla og vinds

- þekki  helstu hugmyndir um eldvirkni á Íslandi og myndunarsögu landsins

- þekki algengustu steindir og bergtegundir hérlendis

- þekki helstu gerðir eldstöðva og geti skýrt mismunandi eldvirkni þeirra

- geti gert grein fyrir mismunandi gerðum vatnsfalla og einkennum þeirra

- geti gert grein fyrir gerð jökla, myndun þeirra og skriði

- fái innsýn í mismunandi aðferðir sem notaðar eru við jarðfræði- og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir

- þjálfist í leita upplýsinga og nýta þær við verkefnavinnu

- geti beitt algengustu hugtökum og heitum í jarðfræði í umfjöllun sinni um myndun og gerð náttúrufyrirbæra